

Reykjavík, 28. júní 2019

Tilkynning um óbreyttan sveiflujöfnunarauka

Hinn 15. maí 2018 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um álagningu 1,75% sveiflujöfnunarauka í samræmi við 86. gr. d laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.¹ Frá og með 15. maí 2019 hafa því fjármálafyrirtæki viðhaldið 1,75% sveiflujöfnunarauka nema þau sem eru undanskilin auk anum. Auk anum hefur verið viðhaldið á samstæðugrunni og hefur hann tekið til innlendra áhættuskuldbindinga. Hinn 1. febrúar 2019 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunaraukans í 2% og mun hækkunin taka gildi 1. febrúar 2020.²

Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki ber fjármálastöðugleikaráði að endurskoða gildi sveiflujöfnunarauka ársfjórðungslega. Hinn 24. júní 2019 beindi fjármálastöðugleikaráð tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að halda gildi sveiflujöfnunarauka óbreyttu í 2%.

Meginmarkmið sveiflujöfnunaraukans er að stuðla að því að fjármálafyrirtæki hafi nægan viðnámsþrótt til að mæta tapi á tímum óstöðugleika í fjármálakerfinu í kjölfar óhóflegrar skuldsetningar og uppsöfnunar sveiflutengdrar kerfisáhættu. Aukann má byggja upp þegar heildstætt mat bendir til að áhættur séu að aukast. Krafa um hann er lækkuð eða afnumin í sameiginlegri niðursveiflu fjármála- og hagskerfisins til að auka getu fjármálafyrirtækja til að viðhalda sjálfbæru framboði lánsfjármagns. Sveiflujöfnunaraukinn tekur þannig breytingum eftir þróun sveiflutengdrar kerfisáhættu. Í tilmælum fjármálastöðugleikaráðs er vísað til greiningar og mats kerfisáhættunefndar og lagt til að sveiflujöfnunaraukinn verði óbreyttur að svo stöddu. Vekur fjármálastöðugleikaráð athygli á því að þrátt fyrir að skuldavöxtur heimila og fyrirtækja hafi verið jákvæður síðustu ársfjórðunga benda engu að síður helstu hagvísar til þess að samdráttur sé framundan í hagkerfinu. Fjármálastöðugleikaráð segir þessa þróun muna óhjákvæmilega hafa áhrif á fjármálamarkaði en telur þó ríkja óvissu um umfang þeirra áhrifa. Þá segir fjármálastöðugleikaráð einnig að næstu skref varðandi sveiflujöfnunarauka muni ráðast af þróun sveiflutengdrar kerfisáhættu.

Með vísan til tilmæla fjármálastöðugleikaráðs tilkynnist hér með að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 1. febrúar 2019 um 2% sveiflujöfnunarauka gildir áfram óbreytt. Aukinn skal áfram taka til innlendra áhættuskuldbindinga allra fjármálafyrirtækja, bæði hvers fyrir sig og á samstæðugrunni, nema þeirra sem eru undanskilin auk anum samkvæmt 4. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki. Við útreikning eigin fjár sem viðhalda skal ber að líta til vegins meðaltals sveiflujöfnunarauka hér á landi og í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við hlutdeild áhættuskuldbindinga í hlutaðeigandi ríkjum, sbr. 3. mgr. 86. gr. d sömu laga.³

¹ Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 13. apríl 2018.

² Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 19. desember 2018.

³ Fjármálaeftirlitið mun setja reglur sem innleiða tæknilegan eftirlitsstaðal (ESB) nr. 1152/2014 en hann kveður nánar á um útreikninginn, sbr. umræðuskjal nr. 4/2016 sem birt er á vef stofnunarinnar. Þá hefur Fjármálaeftirlitið sett reglur nr. 506/2017 sem innleiða tæknilegan eftirlitsstaðal (ESB) 2015/1555.